



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Orð eru til alls fyrst



Þróunarskýrsla – B - hluti

Dalskóli, Geislabaugur, Ingunnarskóli, Maríuborg, Reynisholt, Sæmundarskóli,
Skólaárið 2020-2021



Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd	2
3. Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra	9
4. Mat á verkefninu	10
5. Greinargerð um notkun styrkjjár	10
6. Kynning	11



Tungumálakofinn

Inngangur

Skólarnir unnu þróunarverkefnið *Já það er gott að lesa* frá hausti 2017 fram á vor 2019 sem hafði það að markmiði að greina og samræma grunnþætti í málörvunar- og lestrarverkefnum og varð til sameiginleg lestrarstefna hverfisins. Það samstarf gekk vel og bar ávöxt og skapaði sameiginlega sýn á margt það er snýr að lestri og málörvun. [Sjá skýrslu: Já það er gott að lesa](#)

Áskoranirnar sem við stóðum frammi fyrir í framhaldi verkefnisins *Já það er gott að lesa* er að bil þeirra barna, sem af einhverjum ástæðum ná ekki tókum á tungumálinu bæði vegna skorts á málörvunartækifærum og vegna seinkaðs málþroska, hefur reynst erfitt að brúa. Börnin koma mjög misvel nestuð til skólastarfs, bæði í leik- og grunnskóla hvað varðar málkunnáttu og getu í að beita málinu. Áskorunin felst í að jafna þennan mun

Grafarholt og Úlfarsárdalur eru að taka breytingum hvað varðar íbúasamsetningu. Börnin okkar koma úr ólíkari aðstæðum en áður, frá ýmsum heimshornum og með ólíkan menningarbakgrunn.

Orð eru til alls fyrst er víðtækt samstarfsverkefni, þar sem við leggjum okkur eftir aðferðum og verkfyrirkomulagi hvers annars í leik og starfi sem er til þess fallið auka málþroska, hugtakaskilning og hæfni barna til að beita tungumálinu. Sérstök áhersla verður á þann hóp barna hjá sem höllum fæti stendur.

Eitt megin markmið verkefnisins *Orð eru til alls fyrst* er að styrkja og auka samstarf skóla í Grafarholti og Úlfarsárdal með það að leiðarljósi að jafna hæfni og stöðu barna í íslensku.

Markmið verkefnisins er:

- að auka þekkingu kennara og starfsfólks á þáttum sem hafa áhrif á máltöku og auðugt íslenskunám
- að efla fagleg gagnreynd vinnubrögð og styrkja starfshætti sem miða að því að jafna tækifæri barna til náms
- að skima markvisst fyrir hugtakaskilningi og málbeitingu barna
- að stuðla að sjálfseflingu barna í gegnum tungumálið
- að stuðla að aukinni félagsfærni á öllum stigum skólastarfs með lýðræðisþátttöku í gegnum tungumálið
- að auka samstarf milli stöðteyma í leik- og grunnskólum

2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd

Hverjar voru þær áskoranir sem verkefninu var ætlað að bregðast við?

Áskoranirnar, eins og fram kom í inngangi, er að við stóðum frammi fyrir því í framhaldi verkefnisins *Já það er gott að lesa* að bil þeirra barna, sem af einhverjum ástæðum ná ekki tókum á tungumálinu bæði vegna skorts á

málörvunartækifærum og vegna seinkaðs málþroska, hefur reynst erfitt að brúa. Börnin koma mjög misvel nestuð til skólastarfs, bæði í leik- og grunnskóla hvað varðar málkunnáttu og getu í að beita málinu. Áskorunin felst í að jafna þennan mun

Af hverju var ákveðið að fara í verkefnið?

Skólarnir í hverfinu vildu byggja á fyrri samstarfsgrunni, styrkja hann og leita leiða til að jafna mun þeirra barna sem höllum fæti standa í málkerfisvitund og orðaforða og þeirra sem betur koma nestuð til leiks. Hér er um að ræða víðtækt samstarfsverkefni, þar sem við leggjum okkur eftir aðferðum og verkfyrirkomulagi í leik og starfi sem er til þess fallið auka málþroska, hugtakaskilning og hæfni til að beita tungumálinu. Verkefnið samanstendur af jafningjafræðslu á milli skóla auk fræðslu til starfsfólks og foreldra.

Hvernig var skipulagi og framkvæmd verkefnisins háttað? (Tímarammi, umfang, verkhlutar, verkaskipting).

Þetta verkefni Orð eru til alls fyrst miðar að því að vinna saman að því að þróa vinnulag annars vegar fyrir öll börn skólanna á öllum aldurstigum sem miðar að tjáningarríku umhverfi í öllum þáttum skólalífsins og hins vegar að nýta skimanir og niðurstöður ýmissa gagna til að mæta þörfum þeirra sem ná ekki að nýta sér hefðbundið málumhverfi skólanna.

Þetta verkefni leggur áherslu á fræðslu til starfsfólks og foreldra og jafningjafræðslu á milli skóla.

Við þá vinnu er stuðst við talmeinafræðinga og sérkennara til þess að setja saman hópa barna sem fá íhlutun í tiltekinn tíma. Talmeinafræðingar og sérkennarar vinna með og fræða kennara og starfsfólk svo íhlutunin verði betur til þess fallin að verða árangursrík.

Tímarammi

Verkefnið hefst haustið 2020 og lýkur vorið 2022

Verkefninu var skipt í tvennt, þannig að leikskólarnir byggðu upp fræðsluna fyrir sína starfsmenn og grunnskólarnir fyrir sína starfsmenn.

Verkhlutar og verkaskipting

Nokkrar vörður

- Þann 20. ágúst 2020 var verkefninu hleypt af stokkum og hver skóli tilnefndi verkefnastjóra. Ákveðið að vinna þetta í tvennu lagi, leikskólar sér og grunnskólar sér.
- Hvað varðar skipulag verkefnisins þá voru stofnaðir hópar þar sem kennarar og stoðteymi tiltekins aldursbils vinna saman. Þessu stýra verkefnastjórar. Við leggjum áherslu á tveggja árganga samvinnu og

samtal um fræðslu, miðlun þess sem vel gengur hjá hverjum fyrir sig, fyrirkomulag íhlutunar í hverjum skóla, hver ber ábyrgð á hverju.

- Haustið 2020 voru haldnir fræðslufundir í leikskólunum, annars vegar fyrir starfsfólk yngstu barnanna 2ja og 3ja ára og starfsfólks eldri barnanna sér 4ra og 5 ára. Talmeinafræðingar sáu um fræðsluna. Þetta var á sameiginlegum starfsdegi í hverfi þann 18. nóvember.
- Í grunnskólunum voru haldnir sameiginlegir jafningjafundir, þvert á skóla og miðlaði þannig hvert stig/samstarfshópur hvernig þau best unnu með málörvun. Allir hópar hittust að tvisvar á skólavetrinum. Nokkrir hópar hittust oftár.
- Sérkennarar grunnskólanna hittust sér og miðluðu starfsaðferðum
- Deildarstjórar sérkennslu í leikskólum hittust og miðluðu sín á milli.
- Haldinn var einn stórfundur allra foreldra leikskólabarna – nóvember 2020. Bryndís Guðmundsdóttir talmeinafræðingur sá um fræðsluna
- Haldinn var fræðslufundur um málörvun fyrir grunnskólakennara yngri stiga. Fyrirlesturinn var haldinn á Teams (í covid faraldri). Hver grunnskóli fyrir sig sá um miðlun fyrirlestursins. Bryndís Guðmundsdóttir talmeinafræðingur og Tinna Sigurðardóttir sá um fræðsluna.
- Sérkennslustjórar leikskólanna í samvinnu við Brúum bilið stóðu fyrir fræðslu á fundum innan leikskólanna
- Dalskóli og Ingunnarskóli hafa samið við Jóhönnu Halldórsdóttur um að taka hóp barna í talað mál, tjáningu og söng sem hluta af tónmenntakennslu skólanna. Í Dalskóla á þetta við um nemendur í 4. bekk. Í Ingunnarskóla fyrir nemendur í 1.- 6, bekk.
- Tveir talmeinafræðingar hófu störf á Þjónustumiðstöð haustið 2020 – þeir fengu sérstaka kynningu á verkefninu og hyggjast koma inn í fræðsluþátt verkefnisins. Fræðsluþátturinn mun miða að kennslu/fræðslu fyrir starfsfólk um kennslu barna í mál- og málskilningserfiðleikum
- Sameiginlegur fundur foreldra af erlendu bergi brotnir er á stefnuskránni í upphafi árs 2022. Dalskóli „prufukeyrði“ slíkan fund fyrir foreldra tvítýngdra barna í unglingadeild snemma hausts 2021. Hvað get ég gert,

hvar ber ég niður? Byggt verður á honum þegar skipulag fræðslu fyrir alla erlenda foreldra fer fram. Óráðið er með fyrirkomulag þess fundar.

- Dalskóli, Ingunnarskóli og Sæmundarskóli hafa ráðið talmeinafræðing til eins árs í 80% starf skólaveturinn 2021-2022. Haustið 2021 hefur hún frætt alla kennara um málþroskaraskanir. Hún hefur kortlagt starf sitt með deildarstjórum sérkennslu og sérkennurum skólanna.
- Skólarnir eiga sér lestrarstefnu (Já það er gott að lesa) þar sem allar skimanir eru tilgreindar, hluti verkefnisins *Orð eru til alls fyrst*, var að miðla á milli skólanna hvornig þeir vinna með nemendur, starfsfólk, eða hópa þegar skimanir eða próf koma ekki nógu vel út. Deildarstjórar sérkennslu og sérkennarar grunnskólanna og sérkennslustjórar í leikskólum hafa verið í samtali vegna þessa.
- Við höfðum í hyggju að vinna falleg hvetjandi leiðbeiningaskilti sem setja átti upp í skólunum um það hvornig við berum öll ábyrgð á máltöku, kennslu í orðaforða osfrv.
Vorönn 2022

Hér fara á eftir nokkrar áherslur sem hafa þróast eða eru í mótun í skólunum vegna verkefnisins.

Dalskóli -grunnskólahluti

- Með þróun leiðsagnarnáms er mikil áhersla lögð á kveikjur og samræður í upphafi kennslustunda til að allir nemendur skilji hvað verið er að læra um. Námsfélagar skipa þarna mikinn sess.
- Á miðstigi hefur læsis – fimman rutt sér til rúms. Þetta eru vel útfærðar kennslustundir í íslensku, þar sem mikill skýrleiki og fyrirsjáanleiki ríkir.
- Samlestur er iðkaður markvisst í nokkrum árgögnum en sérstök áhersla er á hann í 4. bekk. Fyrir utan að taka þátt í upplestrarkeppninni litlu er allur 4. bekkur í því sem kallast Tónlist, tjáning, söngur.
- Við leggjum á haustönn mikla áherslu á upplestur í 7. bekk
- Ísat kennsla er að festast í sessi í Dalskóla, sérstaklega í efri bekkjum. Nemendur fá námskeið og eru framfarir miklar.
- Sérkennsla í Dalskóla fer fram að mestu inni í námshópunum og eru sérkennarar hluti námsteyma, auk þessa eru sett saman smærri námskeið til málörvunar sem fara fram utan stofu í tiltekinn tíma.
- Einu sinni á ári er sérstök 6 vikna lestrarsmiðja þar sem kafað er djúpt með nemendahópum í gott ritverk.

Dalskóli - leikskólahluti

- Verkfæri leikskólanna eru EfFI 2 málþroskaskimun og Hljóm 2 – hlóðkerfisvitund, sem við notum fyrir málþroskagreiningar.
- EfFI 2 málþroskaskimun ef börn koma út undir viðmiðum er unnið með það og sett upp áætlun sem unnið er eftir.

- Hljóm 2 – ef börn komu út undir viðmiðun fara þau í hljómhópa og foreldrar fá verkefni heim sem þau geta unnið með. Ef miklar áhyggjur eru af framburði og málþroska er foreldrum ráðlagt að sækja um hjá talmeinafræðingum. Ef um minni frávík er að ræða er óskað eftir talmeinafræðingum frá þjónustumiðstöð.
- Það var sameiginlegur starfsdagur hjá leikskólunum í hverfinu þar var námskeið um málþroska barna. Í samvinnu við Bryndísi Guðmundsdóttur og Tinnu Sigurðardóttur talmeinafræðinga, þær voru með sameiginlegan fyrirlestur um almennan málþroska barna. Sérstök fræðsla fyrir starfsfólk sem vinnur með eins til þriggja ára börn annars vegar og starfsfólk sem vinnur með börn fjögurra til sex ára.
- Bryndís Guðmundsdóttir og Tinna Sigurðardóttir voru einnig með rafræna fræðslu fyrir foreldra um hversu mikilvægar málfyrirmyndir þau eru fyrir börnin sín og hversu mikilvægt er að vinna stöðugt að málþjálfun. Kenndar voru hagnýtar leiðir.
- Unnið hefur verið með að innleiða markvissa spilahópa yfir daginn.
- Einu sinni á dag eru hljóðkerfis verkefni í samveru á elstu deild.
- Erum að innleiða *Gefðu tíu* fyrir börn af erlendum uppruna.
- Þrisvar sinnum á dag fer fram markviss málörvun fyrir elstu börnin (4 og 5 ára).
- Útbúnar hafa verið orðflokkaskjóður – fyrir starfsfólk og foreldra byggðar á orðflokkaflanum.
- Lubbi er hluti af málörvun í leikskólahluta Dalskóla.
- Útbúnir hafa verið sérstakir málörvunarpakkar fyrir samverustundir.
- Daglegur söngur á öllum deildum.

Geislabaugur

- Skimanir sem gerðar eru fyrir öll börnin í leikskólanum varðandi málþroska eru EFI 2 málþroskaskimun og Hljóm 2 hljóðkerfisvitund. Þau börn sem koma undir viðmiði eru í málörvunarhópum og unnið sérstaklega með það.
- Við höfum verið að vinna með Lubbi finnur málbein á öllum deildum og hann er með í samverustundum og erum að þróa það að hann sé ekki bara í sérstökum málörvunarstundum heldur líka gegnum gangandi í öllu starfi.
- Höfum aukið gönguferðir þar sem lesið er í umhverfið skoðað form og götuheiti og allskonar sem verður á vegi þeirra og sumir hafa farið í umhverfisbingó í göngutúrunum.
- Gefðu 10 er marvisst notað hér sérstaklega fyrir fjöltyngdu börnin. Þetta er einföld aðferð til þess að auka samræður og samskipti við fjöltyngd börn sem eru að læra Íslensku sem annað mál.
- Gæðalestur notum við með allra yngstu börnunum, allt starfsfólkið er duglegt að nota það. Þá er bók lesin kannski 4 sinnum ef börnin eru 4 að hlusta osfrv þau meðtaka meira og skilningurinn eykst og hvert barn fær að sitja í fangi kennarans.

- Við erum líka að nota orðaforðalistann frá MML

Ingunnarskóli

- Innleiðing á Pals í samvinnu við HÍ. Markvisst unnið með Pals í 1.-4. bekk undir leiðsögn doktorsnema við HÍ. Árangur metinn markvisst og unnið með nemendur út frá þeim niðurstöðum. Kennarar þessara áragang hafa sótt námskeið í K-pals og Pals og Grunnþals og sækja endurmenntun jafnóðum og verkefninu miðar. Þessu fylgir aukin áhersla og markvissari kennsla í framsögn og tjáningu.
- Jóhanna Halldórsdóttir hefur undan farin ár haldið utan um kennslu í 1. – 7. bekk þar sem unnið er sérstaklega með námsþættina tengda söng, tjáningu og tali. Það verkefni er í sífældri þróun.
- Þróunarvinna með Ísat nemendur út frá hugmyndafræði um skóla margbreytileikans. Sérstakur kennari heldur utan um það starf og þá þróun.
- Stoðþjónusta skólans fer algjörlega fram inn á svæðum nemenda og lögð áhersla á inngildandi menntun.
- Vörður í skólastarfinu svo sem miðlæg matspróf frá menntamálastofnun eru ævinlega lagðar til grundvallar námsþróunar hvers einstaklings.
- Árlega heldur skólinn sameiginlegt lestarátak allra nemenda, þar sem unnið er út frá ákveðnu þema og mikilvægi lesturs sett í forgang í skólastarfinu.
- Ingunnarskóli er einn skóla sem vinnur að verkefninu Austur-Vestur sköpunarsmiðjur þar sem áhersla er á tækni og nýsköpun, þessu fylgir áhersla á fjölbreyttari og víðtækari orðaforða en hefðbundnu námi fylgir. Slíkt eykur tæknilæsi nemenda og hæfni þeirra til að tala um sértækari hluti á viðeigandi fagmáli.

Maríuborg

- Efi-2 málþroskaskimun. Börn á fjórða aldursári skimuð. Fyrri skimun (og jafnvel sú eina) fer fram við 3,2 ára aldurinn. Ef barnið skorar undir viðmiðum ef unnið með þá málþætti sem þörf er á. Barnið endurmetið við 3,10 ára aldurinn. Ef framfarir eru litlar er óskað eftir utanað komandi aðstoð, þá óskað eftir talmeinafræðingi til að meta annað hvort málþroska eða málskilning barns. Þá ert oft farið af stað með tilvísun til talmeinafræðings, hvort sem það er á vegum Þjónustumiðstöðvar eða hjá einkaaðila.
- Hljóm -2 - lagt fyrir börn á síðasta ári í leikskóla. Fyrri innlögn á sér stað að hausti. Ef barn fær slaka niðurstöðu er unnið með markvissa þjálfun. Barnið svo endurmetið að vori áður en skil eiga sér stað yfir í grunnskóla. Með þessari skimun er oft hægt að vinna markvisst í grunnskóla með þá málþætti sem eru ábótavant.
- Allar deildir í leikskólanum vinna markvisst með Lubba og mállhljóðin. Þá er unnið með innlögn á hverju mállhljóði fyrir sig og tengt við bókstafinn. Starfið þróast eftir því sem aldur barnsins eykst.

- Ábyrgðarmaður málörvunar er einn starfsmaður á hverri deild. Sá aðili ber ábyrgð á því að unnið sé markvisst með börnunum í verkefnum sem miða að auknum málþroska.

Reynisholt

- Við í Reynisholti byggjum á góðum grunni en verkefnið hefur fengið okkur til að efla okkur enn frekar þegar kemur að málörvun innan skólans.
- Hér erum við með markvissa málörvun daglega þar sem verkefnastjóri málörvunar sér um að útbúa barnahópa út frá þörfum. Einnig fer málörvun fram einstaklingslega. Börnum er skipt í hópa út frá nokkrum þáttum svo sem eftir frávikum í framburði, eflingu ákveðinna þátta hljóðkerfisvitundar og eflingu orðaforða. Verkefnastjóri málörvunar heldur einnig utan um eflingu orðaforða hjá tvítyngdum börnum með einstaklings og hópþjálfum ásamt því að styðja starfsmenn deildarinnar í markvissri málörvun.
- Allt málörvunarefni leikskólans hefur verið flokkað og hefur hluti af því verið sett í rennda poka sem hanga svo á vegg. Þannig er það aðgengilegt fyrir starfsfólk og flokkað eftir áherslum t.d. rím, loðtöflusögur, samstöfun ofl. Þetta gerir það að verkum að efniviðurinn er mun meira notaður en ella.
- Hljóm-2 hópar – Við höfum nýtt okkur Hljóm-2 til að skima færni hljóðkerfisvitundar og höfðum við tekið eftir slakari útkomu úr Hljóm-2 en við höfðum fram að þessu séð. Ein af breytunum sem við áttuðum okkur á er að hætt var að vinna markvisst að málörvun í kyrrðarstundum. En þar nýttum við okkur verkfæri sem Guðrún Sigursteinsdóttir útbjó út frá þróunarverkefni sínu Orð af orði, orðs ég leitaði. Þau verkfæri voru Orðahljóð og Sögugrunnur. Við höfum því aftur vinnu með þessi verkfæri í kyrrðarstundum og sjáum við jákvæð áhrif þess.
- Efi-2 hópar þar sem unnið er með skilning eða tjáningu. Fáir barn mjög slakar niðurstöður í skilning og tjáningu fær það öflugra málörvun og staðan svo tekin aftur eftir 6 vikur. Komi það enn slakt út er óskað eftir aðkomu talmeinafræðings.
- Innan húss er unnið að starfendarannsókn þar sem markmiðið er að gera vinnu með námsefnið Lubbi finnur málbein enn markvissara.

Sæmundarskóli

- Á yngsta stigi hefur verið stuðst við K-pals fyrir þá nemendur sem sækist lestrarnámið seint.
- Á haustönn er lestrarátak á yngsta stigi og miðstigi í nóvember mánuði sem nefnist "popplestur"
- Kennarar frá 2. - 6. bekk vinna með Pals í nokkrar vikur á vorönn.

- Samhent átak á meðal kennara í því að skrá í Mentor heimalestur nemenda hefur skilað góðum árangri.
- Markviss málörvun að fyrirmyndinni "Gefðu 10" var innleidd í eina viku í nóvember. Þetta var tilraun sem gafst vel og er stefnt að því að endurtaka aftur í eina viku í mánuði á nýju ári. Átakið var aðlagað að starfi í grunnskóla. Miðað var við að hver starfsmaður var með 5 teygjur á hægri hönd. Búið var að skilgreina og kynna fyrir öllum kennurum skólans og stjórnendum hvaða nemendur voru í forgrunni í málörvun þessa viku. Þegar starfsmaður hafði gefið sig á tal og átt í samskiptum við nemanda sem var á listanum, þá gat hann fært eina teygju yfir á vinstri hönd. Markmiðið var að ná að klára allar sínar 5 teygjur á hverjum degi.
- 4. bekkur tekur þátt í litlu upplestrarkeppninni og 7. bekkur tekur þátt í stóru upplestrarkeppninni.
- Unnið er markvisst með ritun eftir hugmyndum 6+1 víddir ritunar frá 7.-10. bekk.
- Í 8.-10. bekk vinna allir nemendur með 3 bækur, ýmist skáldsögur eða þjóðsögur. Ein bók er lesin fyrir nemendur að jafnaði í 8. og 9. bekk en í 10. bekk þá þurfa allir nemendur að lesa/hlusta sjálfir á 3 bækur.
- Unnið er með ljóð og orðaforða þeirra í 8.-10. bekk.
- Í 8. bekk er vanalega ein lota innan íslenskunnar sem nefnist "orðið er laust" þar sem grundvallaratriði ræðumennsku eru kennd.
- Í 9. og 10. bekk er einu sinni á ári tekin lota sem kallast "kappræður".
- Kennsla í íslensku sem öðru máli er í stöðugri þróun í Sæmundarskóla og unnið er með litla hópa eða einstaklinga frá 1. - 10. bekk þar sem megináhersla er að auka orðaforða og máltjáningu.

3. *Samantekt - niðurstöður eða gagnsemyfir aðra*

- **Hver er reynslan af verkefninu á viðkomandi starfsstað/starfsstöðum?**

Við höldum úti verkefninu, þrátt fyrir samkomubann. Kennarar skólanna þekkjast ágætlega og er það mikils um vert. Þeir leita til hvers annars. Þegar skólar setja af stað þróunarverkefni á milli skóla liggur áskorunin í að verkefnið sé vel þekkt í skólunum og að kennarahópurinn sjái ávinninginn fyrir nemendahópin sinn. Kennarahópurinn kom allur með en þetta verkefni hefur ekki náð að leysa áskorunina um bilið á milli barnanna. Hins veur hefur þróast samtal, aðferðir hafa flætt á milli skóla og talmeinafræðingur er hér að störfum sem við bindum miklar vonir við.

- **Hvernig geta niðurstöður verkefnisins nýst öðrum?**

Að miðla fyrirkomulaginu; sameiginleg fræðsla, sameiginlegir fundir jafningja, mikilvægi þess að kennarahópurinn sjái hag í því að tala við kollega og læra hver af öðrum.

- **Hver var ávinningur verkefnisins fyrir börnin?**

Í öllum skólum var sjónum beint að börnunum og starfinu inni á gólfinu. Í leikskólunum var skerpt á samverustundum og hvernig unnið er með tungumálið þar, lögð áhersla á að setja orð á alla hluti og ýmis verkefni innleidd. Í grunnskólum jókst samræða milli nemenda um nám og lærdóm. Sérkennarar juku áherslu á málleg verkefni og orðaforðaverkefni. Ísat kennsla þróaðist í skólunum.

- **Hvernig tengdist verkefnið fræðasamfélaginu eða rannsóknum?**
Það tengdist því helst í gegnum utanaðkomandi fræðslu og fræðslu og ráðningu talmeinafræðinga. Þar að auki þróuðust gagnreyndar aðferðir í skólunum (Pals, fimman, leiðsagnarnám, virk hlustun með endurtekningum).

4. *Mat á verkefninu*

- **Hvernig var mati á verkefninu háttað?**
Í hverjum skóla var fylgst með framförum barna í gegnum hefðbundnar skimanir og próf. Misjafnt var eftir árgöngum innan skóla hvort framfarir urðu þ.e. að bilið á milli vel staddra barna eða illa staddra barna minnkaði. Það eru vísbendingar um það að þeir kennarar sem ná að þróa kennsluhætti þar sem þeir útskýra oft og mikið, láta börn endurtaka, eru í markvissri hugtakavinnu. Þegar hópur barna í mállegum erfiðleikum nær marktækt auknum árangri er oft erfitt að segja til um hvers vegna. Þegar hópur barna stendur í stað eða bilið eykst er einnig erfitt að benda á hvers vegna. Við leggjum áherslu á að baða börnin í tungumálinu, en það er ekki nóg því rannsóknir sýna að ef barn skilur ekki 94% af því sem sagt er eða það les, þá skilur það ekki.

Verkefninu er ekki lokið og matið verður í formi samræða og ígrundunar.

Voru markmið verkefnisins uppfyllt?

Að miklu leiti. Það setti verulegan strik í reikninginn að þurfa að slíta all í sundur vegna samkomutakmarkana. Geta ekki hist á starfsdögum né á fundum. Það var áskorun að halda þessu úti. Við erum þakklát fyrir að hafa náð, sérstaklega upphafsskrefum verkefnisins áður en covid skall á að nýju og við erum sérstaklega stolt af því verkefni að eiga okkar eigin talmeinafræðing.

5. *Greinargerð um notkun styrkjár*

Styrkurinn hefur ekki verið fullnýttur enn þá.

Bókfærður kostnaður:

Fræðsla fyrir foreldra í Grafarholti Úlfarsárdal:	57.600
Fyrirlestur í nóvember -talmeinafræðingar	80.000
Prentun á lestrarbækling	62.000

Óbókfærður kostnaður (greiðist 2022)

laun talmeinafræðings í 10 mán	5.600.000
--------------------------------	-----------

kostnaður vegna fagnaðar vor 2022	250.000
<u>útgáfa dreifirita</u>	<u>250.000</u>
<u>Beinn kostnaður samtals</u>	<u>6.299.600</u>

Annar kostnaður vegna verkefnisins dreifist jafnt á kostnaðarstað skólanna.

6. *Kynning*

- Vorið 2022 verður verkefninu formlega lokið. Við munum safnast saman og fara yfir helstu vörður á leiðinni og fagna
- Kynningar á niðurstöðum verkefnisins fara fram vor 2022, þær hafa ekki farið fram enda verkefninu ekki lokið. Hins vegar hefur verkefnið verið vel kynnt í skólunum sjálfum.
- Varð til einhver afurð með verkefninu sem hægt væri að deila með öðrum. Það verður til skýrsla um niðurstöður um nýbreytni og dreifingu hugmynda og verklags.